

Nd.

118. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febrúar 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Um fjarlægð girðinga frá vegum, hlið á vegum og önnur girðingamál, sem vegina varða, skal fara eftir ákvæðum vegalaga og reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

2. gr.

13., 14., 15. og 16. gr. laganna falli niður, og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði 10. maí 1961, samkvæmt þingsályktun 22. marz 1961. Lét nefndin eftirfarandi greinargerð fylgja frumvarpinu:

Frumvarp þetta er nauðsynlegt til að samræma ákvæði gildandi girðingalaga reglum þeim um girðingar við vegi og yfir, sem gerð er tillaga um í frv. til vegalaga.

Reglur girðingalaga um fjarlægð girðinga frá vegum eru með öllu úreltar, en í frv. til vegalaga eru settar ýtarlegar reglur um þessi mál, svo og um það, sem greinar þær fjalla um, sem lagt er til að niður falli, sbr. 2. gr. þessa frv.